



**Félag
Íslenskra
ferðaskrifstofa**

THE ASSOCIATION OF ICELANDIC TRAVEL AGENCIES

Alþingi

Erindi nr. Þ 116 1629

komudagur 16 112 1992

Efnahags- og viðskiptanefnd Alþingis,
Hr. Vilhjálmur Egilsson,
Þórshamri við Templarasund,
150 Reykjavík

Reykjavík 15.12.92.

Vísað er til bréfs yðar móttakið 11. desember 1992 þar sem óskað er eftir umsögn um frumvarp til laga um skattamál, 286. mál. Á þessum stutta tíma hefur því miður engan veginn reynst unnt að kynna sér efnisatriði frumvarpsins nægilega vel til að veita umsögn um svo mikilvægt frumvarp

Félag Íslenskra ferðaskrifstofa vill þó koma á framfæri eftirfarandi almennum athugasemdum.

Íslensk ferðaþjónusta hefur verið í nánast söðugri sókn undanfarna tvo áratugi og kemur nú næst á eftir sjávarútvegi hvað varðar gjaldeyrisöflun með 10% gjaldeyristekna. Undanfarin 2-3 ár hefur þó orðið nokkur stöðnum og er þar helst kennt um háu verðlagi á Íslandsferðum.

Því hvarmar Félag Íslenskra ferðaskrifstofa að um leið og áralöng barátta ferðaþjónustu á Íslandi fyrir jafnræði gaguvart öðrum gjaldeyrisþingandi atvinnugreinum hvað varðar aðstöðugjald og tryggingagjald er að bera árangur er sá ávinningur samtímis dreginn til baka og gott betur með álagningu virðisaukaskatts.

Í sínum umsögnum munu flutningsaðilar og Samband veitinga- og gistiátvæna án efa í gera grein fyrir áhrifum þessa á sinn rekstur en þar mun kostnaðarauki vegna álagningar virðisaukaskatts vera 4-5% meiri en lækkun vegna afnáms aðstöðugjalds og lægra tryggingagjalds.

Ekki er hægt að átta sig á áhrifum virðisaukaskatts á "milligöngu um ferðaþjónustu", þ.e. starfsemi ferðaþjónustu, fyrir betri skilgreining liggur fyrir á hvað hér er átt við, en þá skilgreiningu er hvorki að finna í frumvarpinu sjálfu né athugasemdum með því.

Virðingarfyllt,
f.h. Félags Íslenskra ferðaskrifstofa.

MEMBER OF UFTAA - FUAUV